

starfsafl

2016

Ársskýrsla



Ársskýrsla 2016

Um Starfsafli

Starfsafli – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, hér eftir nefnt Flóabandalagið, varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000 en þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

Símenntun starfsmanna er lykill fyrirtækja að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og styrkir samkeppnisstöðu þeirra. Fyrirtæki geta sótt um styrk til að vinna sérstök starfsmenntaverkefni sem hafa fræðslu að markmiði og ennfremur geta einstaklingar sótt um styrki til stéttarfélaganna, sem þjónusta einstaklinga fyrir Starfsafli.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá Flóabandalaginu.



Stjórn Starfsafli og starfsfólk

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins 2016 - 2016

Guðrún S. Eyjólfsdóttir

María Guðmundsdóttir

Hlíf Böðvarsdóttir, formaður stjórnar frá 31. maí 2016.

Fulltrúar Flóabandalagsins 2016 - 2017

Fjóla Jónsdóttir, (Efling), formaður stjórnar til 31. maí 2016.

Kolbeinn Gunnarsson (Hlíf)

Jóhann R. Kristjánsson (VSFK)

Varamenn Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason (ragnar@sa.is)

Hannes Sigurðsson (hannes@sa.is)

Varamenn Flóabandalagsins

Linda Baldursdóttir (Hlíf)

Sigurrós Kristinsdóttir (Efling)

Starfsmannamál

Starfsmenn sjóðsins eru Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri frá 1. júní 2016 og Valdís Steingrímsdóttir, verkefnastjóri.

Fram til 1. júní 2016 var Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri en þá fór hann til annara starfa, eftir 10 ára farsælt starf hjá Starfsafli. Hann var kvaddur með virktum á ársfundi sjóðsins og þakkað fyrir góð störf.

Skýrsla stjórnar

Stjórnin hélt alls 10 fundi á starfsárinu auk þess sem haldinn var ársfundur og stefnumótandi fundur.

Á ársfundi stjórnar Starfsafls þann 31. maí 2016 voru formannsskipti í stjórn. Samkvæmt reglum sjóðsins eru formannsskipti á tveggja ára fresti og er hefðin sú að fulltrúi frá Samtökum Atvinnulífsins og fulltrúi Eflingar í stjórn skiptast á formennsku. Fjóla Jónsdóttir lét af störfum sem formaður og tók við sæti varaformanns. Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri Securitas og fulltrúi Samtaka Atvinnulífsins í stjórn Starfsafls, tók við formennsku.

Í ljósi þess að nýr framkvæmdastjóri tók til starfa í byrjun nýs starfsárs þá tók stefnumótandi fundur sjóðsins mið af því. Hann fór því fram með þeim hætti að eigendur sjóðsins kynntu sitt bakland og helstu verkefni og síðan voru ræddar áherslur komandi árs.

Breytt verklag stjórnar

Starfsafli tók upp breytt verklag á starfsárinu sem felur í sér að styrkumsóknir fyrirtækja eru ekki lagðar fyrir stjórn til samþykktar heldur afgreiðir starfsfólk styrkumsóknir í umboði stjórnar. Þetta breytta verklag var samþykkt á síðasta stjórnarfundum starfsársins.

Í þessu felst mikil og góð hagræðing fyrir þau fyrirtæki sem sækja til sjóðsins þar sem styrkir verða greiddir út innan fimm virkra daga en ekki fyrsta þriðjudags hvers mánaðar eins og verið hefur. Umsóknir sem falla undir vafaatriði eða þurfa umfjöllun stjórnar, verður áfram vísað til stjórnar til afgreiðslu.

Stjórn hittist enn sem áður fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og mun með breyttu verklagi hafa enn frekara svigrúm til að beita sér þar sem stuðningur sjóðsins getur falist í fjármögnun, þróun menntunarræða, þarfagreiningarvinnu eða hverjum þeim aðgerðum sem auka menntunarstig félagsmanna og samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá.

Þá hefur verið tekin upp sú nýbreytni að hafa stjórnarfundum með ákveðnu þema sem gefur stjórn frekari möguleika á að vera stefnumótandi og framsýn. Með þessari nýju nálgun verður tekin enn frekari rýni á störf stjórnar og frammistöðu og hlutverk stjórnar undirstrikað.

Stjórnendahandbók

Stjórn Starfsafls setti sér starfsreglur og hafa þær tekið gildi. Starfsreglunum er ætlað að nýtast sem verkfæri stjórnar Starfsafls og framkvæmdastjóra til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Í starfsreglunum er m.a. tekið á skipun stjórnar og skiptingu starfa, markmið sjóðsins, helstu hlutverk og skyldur stjórnar, ábyrgð stjórnarformanns og form stjórnarfundum, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og hæfi stjórnarmanna.

Starfsreglurnar byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Þær leiðbeiningar voru fyrst gefnar út 2004 og endurútgefnar í fimmta sinn vorið 2015.

Samhliða útgáfu starfsreglnanna hefur stjórn Starfsafls tekið í notkun handbók stjórnar þar sem má finna reglugerð sjóðsins, starfsreglur stjórnar og reglur um úthlutun styrkja til fyrirtækja og einstaklinga.

Stjórnendagátt

Starfsafl tók í notkun stjórnendagátt sem ætlað er að auka öryggi og einfalda allt verklag. Nú geta stjórnarmenn því nálgast öll gögn sem eru til umfjöllunar á stjórnarfundum, hvar sem er og hvenær sem er og er það í takt við nútíma starfshætti.

Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn sjóðsins getur breytt reglum sjóðsins ef þess þykir þörf enda mikilvægt að reglur sjóðsins séu í takt við starfsumhverfið og hafi þann sveigjanleika sem þarf til að mæta þörfum og áherslum í atvinnulífinu. Á starfsárinu voru gerðar nokkrar breytingar á reglum sjóðsins vegna þessa.

Íslenskustyrkir

Fram til þessa hefur Starfsafl aðeins styrkt íslenskukennslu innan fyrirtækja að mjög svo takmörkuðu leyti. Á starfsárinu var því breytt á þann veg að nú er íslenskukennsla styrkt eins og öll önnur fræðsla innan fyrirtækja en þeim tilmælum beint til fyrirtækja að kaupa íslenskunámskeið af fyrirtækjum sem fá styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu en þær upplýsingar má nálgast hjá RANNÍS.

Rafræn fræðsla og hvatastyrkir

Áhrif tækninýjunga og rafræna lausna í námi hafa aukist mikið s.l. ár og er fræðsla innan fyrirtækja þar ekki undanskilin. Það eru óteljandi kostir við rafræna fræðslu, s.s. bíður hún upp á aukinn sveigjanleika, þ.e. getur farið fram hvar sem er og hvenær sem er, nemendur geta lært á eigin hraða innan ákveðins tímaramma og kostnaður er minni og því auðskilið að fyrirtæki kjósi þá leið að bjóða sínu starfsfólki upp á rafræna fræðslu.

Stjórn Starfsafls ákvað á grundvelli þessa að styrkja rafræna fræðslu fyrirtækja og styðja þar enn frekar við fyrirtæki sem halda uppi öflugum fræðslustarfi. Þá var ennfremur ákveðið að veita hvatastyrk til að gera rafrænt námsefni og er styrkurinn hugsaður fyrir fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í notkun

á rafrænu námsefni. Um tilraunaverkefni er að ræða til eins árs og áskilur stjórn Starfsafis sér rétt til að breyta reglunum ef þurfa þykir.


Áttin og pappírslaus samskipti

Með tilkomu Áttarinnar, sameiginlegri vefgátt starfsmenntasjóða, hefur verklag við afgreiðslu umsókna verið einfaldað til muna. Nú berast nánast allar umóknir og tilheyrandi gögn frá viðskiptavinum í gegn um Áttina og heyrir það til undantekninga að umsókn berist sjóðnum á annan hátt. Svarbréf vegna afgreiðslu umsókna hafa ennfremur verið send í gegn um Áttina en jafnframt verið send viðskiptavinum sjóðsins með bréfpósti.

Nú hefur því verklagi verið breytt á þann hátt að svarbréf verða ekki send með bréfpósti heldur verða þau aðeins aðgengileg inn á mínum síðum, á Áttinni. Er þetta liður í því draga markvisst úr notkun pappírs á skrifstofu Starfsafis.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Starfsemi sjóðsins er fjölbreytt en hefur það eitt markmið að efla starfsmenntun í fyrirtækjum þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hafi hag af, starfsmaðurinn í aukinni færni og fyrirtækið í framlegð. Helstu póstar starfseminnar eru styrkir til einstaklinga og fyrirtækja, sértækir styrkir og styrkir vegna Fræðslustjóra að láni.




Iðgjöld og styrkir

Starfsemi Starfsafis hefur vaxið mikið á sl. árum og fjölgun styrkja til einstaklinga og fyrirtækja en tekjur Starfsafis eru starfsmenntaiðgjald sem eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma.


Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 276.732,157 á árinu 2016 og greiddir styrkir kr. 191.049.470,- . Hlutfall styrkja af iðgjöldum var því því tæp 70%

Á mynd 1. má sjá hvert hlutfall styrkja er af iðgjöldum sé litið til sl. ára.



Mynd 1 Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Hafa ber í huga að starfsmenntaiðgjaldið var aukið árið 2014 og því er það svo að hlutfallið virðist minna það ár og næstu ár á eftir, en réttilega hefur verið mikill vöxtur og nægir að líta til sl. 2ja ára í því sambandi, sbr. mynd 2. Þar má sjá samanburð á styrkveitingum sjóðsins til einstaklinga og fyrirtækja árin 2015 og 2016 og sést þar vel sú aukning sem á sér stað á milli ára.



Mynd 2 Styrkir til fyrirtækja og einstaklinga


Einstaklingsstyrkir

Félagsmenn Starfsafls tilheyra þremur stéttarfélögum sem saman mynda Flóabandalagið; Efling stéttafélag, VSK og Verkalýðsfélagið Hlíf.

Greining á því sem viðkemur úthlutun styrkja byggir því á gögnum frá þessum stéttarfélögum en þau sjá um útgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna sem samtals eru 31.300 talsins.


Sífelld aukning á sér stað í úthlutun styrkja til einstaklinga og tekur hvert metárið við af öðru en árið 2005 var kostnaður vegna einstaklingsstyrkja rétt um 20.000.000,- kr.

Á árinu 2016 voru veittir 3388 styrkir til einstaklinga og heildarupphæð styrkja var kr. 153.717.28,- sbr. mynd 3.




Mynd 3 Kostnaður vegna einstaklingsstyrkja í milljónum króna

Ef litið er til þess hvernig skiptingin er innan hvers stéttarfélags þá er mestur fjöldi félagsmanna Eflingar sem sækir í sjóðinn, sbr. mynd 4.



Mynd 4 Hlutfall einstaklingsstyrkja innan hvers stéttarfélags

Það er ekki síður áhugavert að skoða skiptingu einstaklingsstyrkja eftir aldri en flestir þeir sem sækja í sjóðinn eru á aldrinum 20 til 29 ára eða rúmlega helmingur eins og sjá má á mynd 5 hér að neðan.




Mynd 5 Skipting eftir aldri

Þá sækja konur og karlar jafnt í sjóðinn en skipting þar á mill er nánast jöfn og hefur svo verið sl. ár


Fjölbreytni er mikil þegar horft er til þess hvaða fræðslu er verið að sækja. Styrkir vegna íslenskunáms eru flestir, þá kemur háskólanám og að síðustu almennt nám í framhaldsskóla sbr. mynd 6.

Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki skipt eftir tegund náms



Mynd 6 Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki eftir tegund náms

Ef umsóknir eru skoðaðar út frá upprunalandi þá má sjá að langflestar umsóknir berast frá Íslendingum og því næst koma þeir sem eiga uppruna sinn í Póllandi, sbr. mynd 7.



Mynd 7 Fjöldi umsókna eftir upprunalandi

Fyrirtækjastyrkir


Á árinu 2016 sóttu alls 80 fyrirtæki um styrk til Starfsafls en fyrirtæki sem greiða af starfsfólki til Eflingar, VSK og Verkalýðsfélagsins Hlífar, geta sótt um styrki til námskeiðahalds til Starfsafls.

Þau 80 fyrirtæki sem sóttu um í sjóðinn komu víðsvegar að en fyrirtæki í ferðaþjónustu voru þar fjölmennust, s.s hótél, veitinga- og rútufyrirtæki. Þá voru fyrirtæki sem sérhæfa sig í hreingerningum ekki síður dugleg að sækja í sjóðinn, öryggisfyrirtæki og fiskvinnsla, svo dæmi séu tekin. Einnig er áhugavert að skoða breiddina í fræðslu innan fyrirtækja og þær leiðir sem eru farnar.


Styrkloforð á árinu voru alls 211 og þar af voru greiddir styrkir um áramót 173 talsins. Heildarkostnaður vegna styrkja til fyrirtækja var því rúmlega 37 milljónir króna.



Á myndum 8 og 9 má sjá hlutfallslega skiptingu styrkja eftir atvinnugreinum, bæði hvað varðar fjölda og kostnað. Ferðapjónustan er þar langstærst, bæði hvað varðar fjölda umsókna og kostnað.




Mynd 8 Hlutfallsleg skipting eftir atvinnugreinum



Mynd 9 Hlutfallsleg skipting eftir kostnaði

Á mynd 10 hér fyrir neðan má síðan sjá dreifingu styrkja með hliðsjón af tegund fræðslu. Undir ýmis námskeið falla m.a. hjólastillingar, kennslumyndbönd og GACCP námskeið.



Mynd 10 Dreifing styrkja með hliðsjón af tegund fræðslu

Sértækir styrkir

Á hverju ári berast Starfsafli styrkumsóknir vegna áhugaverðra verkefna og metur stjórn það hverju sinni hvernig það er afgreitt. Þá getur stjórn Starfsafls ennfremur átt frumkvæði að verkefnum eða styrkveitingum og eða tekið þátt í samstarfsverkefnum. Á starfsárinu voru veittir nokkrir styrkir til verkefna sem teljast sértæk.

Vefnámskeið Rauða Krossins

Rauði krossinn er leiðandi aðili í útbreiðslu skyndihjálpar um allan heim og hefur umsjón með málaflokknum hér á landi skv. samningi við stjórnvöld. Hlutverk félagsins er m.a. að annast þjálfun leiðbeinenda, bjóða upp á fjölbreytt skyndihjálparnámskeið, útgáfa fræðsluefnis fyrir almenning auk þess að halda úti vefsíðu um skyndihjálpar, svo fátt eitt sé talið.

Rauði krossinn telur mikilvægt að bjóða upp á aðgengileg og fjölbreytt skyndihjálparnámskeið og koma þannig til móts við ólíkar og breyttar þarfir almennings og fyrirtækja í landinu. Í ljósi þess hefur Rauði krossinn ráðist í það verkefni að þróa frá grunni stutt vefnámskeið í skyndihjálpar og samþykkti stjórn Starfsafls að styrkja verkefnið um 500.000,- kr.

Vefnámskeiðið mun standa öllum landsmönnum til boða án endurgjalds, þ.m.t. félagsmönnum Flóabandalagsins, og var það á grundvelli þess sem stjórn samþykkti styrkveitinguna auk þess sem mikilvægi námskeiðs af þessu tagi er óumdeilt.

Félagsleg fræðsla Eflingar

Fræðsla- og starfsmenntun hefur mikið vægi innan Eflingar og mikill metnaður lagður í þann málaflokk. Á hverju ári heldur Efling stéttarfélag m.a. út öflugri félagslegri fræðslu sem er félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu en Starfsafl styrkir þá fræðslu samkvæmt samkomulagi þar um. Fyrir árið 2016 var sá styrkur tæplega tvær milljónir króna.

Þau námskeið sem telja til félagslegra fræðslu Eflingar árið 2016 voru m.a. námskeið sem taka til sjálfseflingar, starfsloka og markþjálfunar, svo dæmi séu tekin. Þessi námskeið eru alla jafna mjög vel sótt og vinsæl meðal félagsmanna Eflingar.

Hópfarabílstjórar

Starfsafl ásamt Flóabandalaginu tóku höndum saman um að ráðast í og fjármagna hæfni- og þarfagreiningu á fræðslu fyrir hópfarabílstjóra. Ástæða þess er breytt starfsumhverfi hópfarabílstjóra, sem m.a. er tilkominn vegna vaxtar í ferðapjónustu, og þá aukinn fjölbreytileiki starfa sem kallar á viðeigandi fræðslu.

Óskað var eftir því við Mímir Símenntun, fræðslufyrirtæki á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar, að leiða verkefnið og sjá um greininguna. Í framhaldinu var leitað til fyrirtækja í greininni með aðstoð Samtaka ferðapjónustunnar, og óskað eftir starfskröftum bæði stjórnenda og bílstjóra til að taka þátt í greiningarvinnunni og leggja til vitneskju um störf hópfarabílstjóra.

Að lokinni þarfagreiningunni verður rituð námsskrá og þá standa vonir til þess að hægt verði að ráðast í gerð raunfærnimats og nám fyrir hópfarabílstjóra sem hafa á því áhuga og vilja efla sig í starfi.

Þernur

Undir lok starfsársins var farið af stað með námskeið í samstarfi við Mími símenntun sem sett var upp að beiðni Starfsafls og Eflingar. Um er að ræða námskeið fyrir þernur. Því námskeiði er ætlað að skila meira öryggi í starfi og hótlegstum enn betri þjónustu. Það var samdóma álit þeirra leiðbeinanda sem komu að náminu að nemendur hefðu verið sérlega áhugasamir og þá mátti heyra á nemendum að mikil ánægja væri með námskeiðið í heild sinni. Um tilraunakennslu var að ræða og verður núna

farið í það að rýna í mat nemenda á náminu og þær ábendingar sem borist hafa varðandi námið frá forsvarsmönnum fyrirtækja sem hag hafa af námskeiði sem þessu. Til að mynda hafa borist óskir um að hafa námið á pólsku og er verið að leita leiða til að verða við því en að þessu sinni fór námskeiðið fram á ensku. Þess utan standa vonir til að námskeið fyrir þernur verði haldin reglulega yfir árið.

Dyraverðir


Gerð var tilraun til að fara af stað með námskeið fyrir dyra- og næturverði en eftir því hefur verið kallað af hálfu rekstraraðila og félagsmanna. Það var að beiðni Starfsafls og Eflingar en því miður var lítið um skráningar á námskeiðið og var það því látið niður falla. Í framhaldinu voru hinsvegar teknar upp viðræður við hlutaðeigandi og er vinna í gangi við að koma á reglubundnum dyravarðarnámskeiðum enda fellur það að samkomulagi um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði í Reykjavík sem Reykjavíkurborg, Samtök ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) undirritaðu á síðasta ári.

Menntadagur atvinnulífsins

Veittur var 400 þús. kr. styrkur vegna menntadags atvinnulífsins en dagurinn var nú haldinn í fjórða sinn en hann er samstarfsverkefni Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka atvinnulífsins. Að þessu sinni var yfirskrift dagsins nýjasta máltækni og vísindi. Á menntatorgi kynntu svo fræðsluaðilar starfsemi sína, þ.m.t. Starfsafl.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið Fræðslustjóri að láni er í sífelldri sókn og æ fleiri fyrirtæki nýta sér þann kost. Á mynd 11 hér fyrir neðan má sjá þá aukningu sem átt hefur sér stað sl. ár.



Mynd 11 Fræðslustjóri að láni

Þegar umsókn berst fer í gang ákveðið ferli sem getur tekið tíma. Í tölfræðinni á mynd 11 er vert að hafa í huga að tekið er mið af umsóknum sem bárust á árinu en ekki undirrituðum samningum sbr.

listann hér að neðan, en alls voru undirritaðir samningar við 10 fyrirtæki

6N	AP þrif	Mjólkursamsalan
Northen Light Inn	Íslenska gámafélagið	Bananar
Stjarnan	Hótel Keflavík	
Straumhvarf hf.	Pizza Pizza ehf.	

Klasaverkefni


Undir lok árs 2016 var hrint af stað áhugaverðri útfærslu á verkefninu Fræðslustjóri að láni. Farið var í samstarf þar sem fimm fyrirtæki í ferðaþjónustu sameinuðust um einn fræðslustjóra.

Þau fyrirtæki sem tóku þátt í verkefninu voru Frost og funi, Skyrgerðin-Cafe & Bistro, Hótel Örk, Almar bakari og Gistiheimilið Frumskógar. Ráðgjafi í verkefninu var Sverrir Hjálmarsson, stjórnunarráðgjafi hjá Vexti og ráðgjöf. Um tilraunaverkefni var að ræða, þar sem greindar voru fræðsluþarfir fyrirtækjanna á grundvelli stefnu hvers fyrirtækis. Afurðin er ein sameiginleg fræðsluáætlun sem nær til allra fyrirtækjanna en tillit til þarfa hvers fyrirtækis fyrir sig. Frumkvæði að verkefninu eiga sjóðirnir og kostaði framkvæmd þess um 800 þúsund krónur og er þá undanskilið vinnuframlag starfsfólks fyrirtækjanna sem tóku þátt.

Verkefnalokum var fagnað með hófi í Skyrgerðinni þar sem framkvæmd þess og næstu skref voru kynnt. Áhugavert verður að sjá hvernig það mun ganga og þá er ætlunin að fara að stað með fleiri klasaverkefni af þessum toga.

Eigin fræðsla

Hvað eigin fræðsla varðar þá fer fjölgandi þeim fyrirtækjum sem nýta þann kost en alls bárust 10 umsóknir á árinu sbr. mynd 12.



Mynd 12 Umsóknir um styrk vegna eigin fræðslu

Umfram viðtöl við framkvæmdastjóra í félagsblöðum þá var settur aukinn kraftur í fréttaskrif á vefsíðu og fésbókarsíðan virkjuð enn frekar. Þar gildir hinsvegar að betur má ef duga skal.

Það er mikilvægt fyrir fræðslusjóð eins og Starfsafli að taka þátt í fundum og ráðstefnum þar sem fræðslu- og starfsmannamál eru til umræðu og eða á vettvangi atvinnulífsins, þar sem málin eru rædd og línurnar lagðar. Þá er samtalið mikilvægt fyrir framþróun sjóðsins og aðeins þannig getur sjóðurinn mætt þörfum atvinnulífsins.

Mannauðsdagur Flóru

Starfsafli er mikilvægur bakhjarl mannauðs í fyrirtækjum og framlag í formi styrkja getur oft skipt sköpum þegar horft er til framtíðar og lagðar línur í fræðslu- og mannauðsmálum. Það fór því vel að Starfsafli kynnti starfsemi sína á mannauðsdegi Flóru.

Mannauðsdagur Flóru, félags mannauðsstjóra, hefur með ári hverju vaxið og dafnað og er nú orðinn einn stærsti viðburður í greininni. Í ár var Starfsafli í fyrsta sinn með kynningu á sinni starfsemi á mannauðsdeginum og það var verulega ánægjulegt að fá að taka þátt í þessum metnaðarfulla degi. Þá var jafnframt formaður Starfsafils og fræðslustjóri Securitas, Hlíf Böðvarsdóttir, með erindi um samspil stjórnunar og fræðslumenningar.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í byrjun febrúar og voru fræðslusjóðir og fræðsluaðilar á sérstöku menntatorgi og kynntu starfsemi sína. Starfsafli var að sjálfsögðu þar eins og fyrri ár og tók vel á móti gestum.

Mannauðs- og fræðslustjórar voru áhugasamir um þær leiðir sem eru mögulegar og þá var m.a. rætt um þann öra vöxt í ferðabjónustu og hvernig hægt væri að mæta því með aukinni fræðslu. Þá var rætt um endurmenntun atvinnubílstjóra og hvernig fyrirtæki hafa verið að mæta því, en Starfsafils styrkir það sbr. reglur þar um.



Góð stemming var á bás Starfsafli á mannauðsdeginum


Framtíð mannauðsstjórnunar

Í mars var haldin ráðstefnan Framtíð mannauðsstjórnunar og þar mættust flestir þeir sem starfa í mannauðsmálum til að hlýða á áhugaverð erindi um framtíð mannauðsstjórnunar, stefnur og strauma.

Starfsafli lagði til kynningarefni í ráðstefnutösku sem öllum gestum var afhent og starfsfólk Starfsafli mætti að sjálfsgöðu á þennan viðburð sem vonandi verður árlegur, enda mikil lyftistöng fyrir þá sem starfa í greininni.

Áttin

Á árinu var farið í umfangsmikið kynningarstarf á Áttinni, sameiginlegri vefgátt starfsmenntasjóða sem tekin var í gagnið í lok árs 2015 og hefur það hlutverk að einfalda umsóknarferli fyrirtækja. Þá voru gerðir samningar við ráðgjafa sem tóku að sér það hlutverk að fara inn í valin fyrirtæki og kynna Áttina auk þess sem starfsfólk Starfsafli fór í slíkar heimsóknir. Alls voru um sjötíu fyrirtæki heimsótt af hálfu Starfsafli.



Áttin, sameiginlegri vefgátt starfsmenntasjóða, hefur verið vel tekið

Að lokum – hvert stefnum við

Sé litið til talna um einstaklingsstyrki þá voru það um 11% félagsmanna sem sóttu styrki á árinu. Þar er ungt fólk í meirihluta og mikill fjöldi umsækjenda hefur ekki íslensku sem sitt móðurmál. Þessu þarf að mæta og huga að leiðum þar og haga markaðsstarfi á þann veg.

Sé litið til fyrirtækja og þess fjölda sem sækir í sjóðinn þá sóttu 80 fyrirtæki um á sl. ári. Það er allt of lítið þrátt fyrir að aukning sé á og samanlögð styrkuppþæð aukist á milli ára. Fyrirtæki eiga rétt í sjóðnum og geta sótt allt að 3 milljónir á ári hverju. Til þess þarf að vera öflugt fræðslustarf innan fyrirtækjanna og til þess viljum við hvetja og auðvelda fyrirtækjum að halda slíku starfi úti.

Það eru því áskoranir framundan, að auka enn frekar styrkveitingar, fyrirtækjum og starfsfólki þeirra til hagsbóta.

starfsafl

